

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 91/1958. **Ingi Ingimundarson**
 gegn
Hermanni Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um lögmati stefnufrests. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 18. júní þ. á., sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 18. júní þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Héraðsdómsstefna í máli þessu er birt á réttum tíma dags og á 7 náttu fresti. Stefnubirting er því lögleg. Ber þess vegna að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Hermann Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, Inga Ingimundarsyni, kr. 800.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Ingi Ingimundarson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu birtri 5. þ. m. gegn Hermanni Sigurðssyni, Vesturbæ, Höfn-um, Gullbringusýslu, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 1.700.00, útgefins 9. október 1957 af Hjálmtý Péturssyni, Barðavogi 36, og samþykkt af stefnda til greiðslu hinn 19. janúar 1958.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.700.00, auk 7% ársvaxta frá 19. janúar 1958 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið.

Í stefnu er stefnufrestur ákveðinn ein vika og er þingfesting málsins þar jafnframt ákveðin fimmtudaginn 12. þ. m. kl. 10. Stefna í máli þessu var birt fimmtudaginn 5. júní kl. 14.30. Verður að tela, að stefndi hafi samkvæmt þessu ekki haft fulla viku í stefnufrest. Þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi ex officio, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 94/1958. Gróa Jónasdóttir
gegn
Elku G. Aradóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði fógetaréttarúrskurðar.

Dómur Hæstaréttar:

Páll Hallgrímsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júní þ. á., er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði úrskurðar fógetadóms Árnæssýslu, er upp var kveðinn 30. maí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði í úrskurði fógeta og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.